

Reykjanesbær
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær



Reykjavík 5. janúar 2016
UST201512-126/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Tillaga að endurskoðun aðalskipulags Reykjanesbæjar 2015 – 2030.

Vísað er til erindis Reykjanesbæjar er barst 18. desember sl. þar sem óskað er umsagnar um lýsingu tillögu að endurskoðun aðalskipulags Reykjanesbæjar 2015 – 2030.

Þynningarsvæði

Í umfjöllun um helstu viðfangsefni skipulagsvinnu við endurskoðun ofangreinds aðalskipulags kemur fram í kafla um markmið að fara eigi yfir afmörkun þynningarsvæðis í Helguvík. Umhverfisstofnun bendir á að þynningarsvæði fyrir flúor er afmarkað í starfsleyfi álvers í Helguvík sem Umhverfisstofnun gefur út. Í aðalskipulagi skal sýna það þynningarsvæði er fram kemur í starfsleyfi.


Fráveita


Umhverfisstofnun tekur undir áherslu á að lagðar verði fram í væntanlegu aðalskipulagi, tillögur um nauðsynlega innviði veitna í sveitarfélaginu. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fráveita verði skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, og bendir á mikilvægi þess að markmið séu tímasett í aðalskipulaginu.

Matsskýrsla

Í umfjöllun um umhverfispætti kemur fram að ekki verði fjallað um loftgæði og losun gróðurhúsalofttegunda, nema í tengslum við þéttingu byggðar. Umhverfisstofnun bendir á að uppsprettur loftmengunar á Reykjanesvæðinu eru og koma til með að verða stóriðja í Helguvík og Keflavíkurflugvöllur.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri